



Lokaskýrsla Akureyrarbæjar

vegna endurnýjunar viðurkenningar fyrir verkefnið

Barnvæn sveitarfélög

Akureyrarbær

JANÚAR 2024



AKUREYRARBÆR

Efnisyfirlit

Orðskýringar	2
Inngangur.....	3
Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar	5
Raddir barna og valdefling	6
1. Valdefling erlendra nemenda	6
2. Yallah Gamli: Menningarfræðsla og opnar umræður	7
3. Íþróttafélaginn	8
4. Skólastarf með mannréttindi að leiðarljósi	9
5. Hinsegin landsmót	10
6. Stórþing ungmenna og skólaping	11
7. Barnvænt hagsmunamat	12
8. Samráð vegna fjárhagsáætlunargerðar	13
Fræðsla	14
9. Unnið að því að allir leik- og grunnskólar sveitarfélagsins verði Réttindaskólar.....	14
10. Aukin þekking starfsfólks á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.....	16
11. Aukin fræðsla fyrir Ungmennaráð Akureyrar	17
12. Markviss fræðsla í samráði við ungmenni.....	18
Geðheilbrigði ungmenna	19
13. Áætlun um úrbætur vegna geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna	19
14. Bergið Headspace	20
15. Bætt verklag í baráttu við skólaforðun	21
16. Hinsegin félagsmiðstöð.....	22
Umhverfismál	22
17. Aukið hjólastólaaðgengi.....	23
Skýrsla Ungmennaráðs Akureyrar	24
Viðhengi 1 Verkefni Ungmennaráðs Akureyrar	25

Orðskýringar

<i>Aðgerðaáætlun</i>	Aðgerðaáætlun fjallar um verkefni og verkþætti sem vinna skal að til þess að ná tilteknum markmiðum. Þar er skilgreint hver ber ábyrgð á tiltekinni aðgerð og hver hefur umsjón með framkvæmd.
<i>Aðgerð</i>	Aðgerð er leið að markmiði.
<i>Ábyrgðaraðili</i>	Sá sem ber ábyrgð á að aðgerð sé fylgt eftir og hún unnin samkvæmt því sem lagt var upp með.
<i>Innleiðingarferli</i>	Skipulag um framkvæmd og innleiðingu stefnu.
<i>Markmið</i>	Takmark sem stefnt er að með ákveðinni aðgerð.
<i>Tímarammi</i>	Mikilvægir þáttur í aðgerðabindingu. Veitir aðhald fyrir framkvæmd aðgerðar. Sumar aðgerðir eru skammtíma aðgerðir, aðrar ná til lengri tíma og enn aðrar eru stöðugt í framkvæmd.
<i>Stöðumat</i>	Víðtækra gagna er aflað um tiltekin viðfangsefni og unnið að því að komast að samkomulagi eða sameiginlegri sýn á hver staðan raunverulega er.
<i>Verkefnisstjóri</i>	Verkefnisstjórinn hefur yfirumsjón með verkefninu og heldur utan um það. Verkefnisstjóri útdeilir verkefnum og viðfangsefnum sem þarf að inna af hendi, miðlar upplýsingum, skipuleggur, kynnir afurðir o.fl.

Inngangur

Akureyrarbær varð eftirminnilega fyrsta sveitarfélag landsins til að hljóta viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag árið 2020. Það þýðir þó ekki að innleiðingarvinnu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafi þar með verið lokið. Umhverfi og aðstæður barna breytast og því þarf stöðugt að endurskoða og tryggja að áfram sé sáttmálinn hafður að leiðarljósi innan sveitarfélagsins. Þegar unnið er að endurmatsviðurkenningu eru grunnskref innleiðingarhringsins þau sömu og í fyrsta hring. Við þau bætist að unnið er áfram með þær aðgerðir sem ekki tókst að ljúka í fyrri áætlun sem og með ábendingar UNICEF frá síðustu úttekt.

Segja má að í fyrstu hafi mörgum þótt tilhugsunin um barnvænt sveitarfélag framandi og þegar til baka er litið er varla hægt að fara í viðlíka grundvallarbreytingar í stjórnkerfi og viðhorfum sveitarfélags nema á löngum tíma. Upplifunin er þannig að vissu leyti sú að innleiðingin hafi gengið hratt en einnig hægt eftir því til hvaða aðgerða er horft. Þessu til útskýringar má segja að aðgerðir úr fyrstu aðgerðaráætlun eins og þeirri að koma snjómokstri á gangstéttum í nágrenni skóla hafi gengið hratt og vel fyrir sig en aðgerð á borð við þá að breyta verklagi hjá ráðum til að hægt sé að leggja mat á áhrif ákvarðana á börn hafi tekið langan tíma og sé fyrst núna að komast smá reynsla á.

Helstu áhrifin á sveitarfélagið eru almenn og aukin meðvitund um réttindi barna og að þau beri að virða. Meirihluti íbúa í sveitarfélaginu veit af verkefninu og styður við verkefni þó þörf sé á að dýpka þekkingu og skilning enn frekar. Með aukinni meðvitund hnikast hlutirnir í rétta átt þegar kemur að breytingum á verklagi og áhrifum á ákvarðanatöku með tilliti til hagsmuna barna. Almennt séð hefur ráðafólk í sveitarfélaginu tekið jákvætt á móti verkefninu á fyrstu skrefum þess. Það vill þó oft koma í ljós þegar farið er af stað í eins umfangsmikið verkefni og þetta er, þar sem fólk á mismikla hlutdeild í, að áskorunin er mest í langhlaupinu eftir að ákvörðunin er tekin. Inn í það spila töluverðar breytingar hjá starfsfólki og ráðafólki eins og gengur og gerist innan sveitarfélaga. Það er þá sem efasemdaraddir fara oft að heyrast og hefur það raungerst hér. Það er því mikil vinna sem felst í því að viðhalda þekkingu á stöðu verkefnisins og stöðu starfsfólks og ráðamanna gagnvart því.

Verkefnið Barnvænt sveitarfélag stendur og fellur með þátttöku barna og er það okkar mat að við höfum lagt okkur fram í að mæta því lyklatriði. Ungmennaráð Akureyrarbæjar skartar frambærilegum ungmönnum sem standa ekki á skoðunum sínum og eru óhrædd við að taka þátt í hvers kyns verkefnum sem koma inn á borð til þeirra, hvort sem það er skipulagning viðburða, þátttaka á málþingum, þátttökuvíðburðir með öðrum ungmönnum innan sem utanlands, samantekt á efni og kynningar og erindi fyrir helstu ráðamenn sveitarfélagsins. Þess utan hafa grunn- og leikskólar sveitarfélagsins tekið miklum framförum þegar kemur að því að kalla eftir og hlusta á raddir barna með hugmyndakössum, barnþingum og öðrum sambærilegum viðburðum og teljum við að innleiðing verkefnisins Réttindaskóli og -frístund muni efla þann þátt enn frekar. Ef rennt er

yfir þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum má bersýnilega sjá að börn og ungmenni hafa haft aðkomu að þeim öllum með einum eða öðrum hætti, ýmist sem beinir þátttakendur eða þar sem hlustað hefur verið á þeirra skoðanir og gerðar breytingar út frá þeim.

Miklar breytingar urðu hjá sveitarfélaginu eftir að viðurkenning fékkst sem setti áætlanir verkefnisins úr skorðum. Sem dæmi má nefna uppstökkun í skipuriti sveitarfélagsins, endurskoðun á hvaða verkefnum skildi haldið inni, breytingar innan sviðsins sem verkefnið tilheyrir og miklar starfsmannabreytingar. Samhliða þessum breytingum var mikil framþróun í verkefninu Barnvæn sveitarfélög og því þurfti að endurskoða og ramma verkefnið allt upp á nýtt. Frá því síðla árs 2022 hefur þó verið festa í kringum verkefnið og því hefur tekist að rétta úr kútnum og horfum við bjartsýn til framtíðar.

Í skýrslunni hér að neðan verður sérstaklega greint frá því hvaða aðgerðir voru hluti af fyrstu aðgerðaráætlun sveitarfélagsins og hvernig þær voru unnar áfram. Auk þess verður tekið fram hvaða aðgerðir í þessari aðgerðaráætlun munu færast yfir í þá næstu, hvers vegna og hvernig til stendur að vinna þær.

Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar

Hér að neðan eru listaðar upp þær aðgerðir sem Akureyrarbær ákvað að leggja áherslu á til að ná því markmiði að viðhalda stöðu sinni sem Barnvænt sveitarfélag. Aðgerðaráætlunin nær til þeirrar vinnu sem hefur verið í gangi frá því að Akureyrarbær fékk fyrst viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag. Henni einni og sér var ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig heldur styðja við verkefnið, þar sem innleiðing mannréttinda er samfellt verkefni sem tekur aldrei enda.

Aðgerðaáætlunin byggir annars vegar á niðurstöðum stöðumats og hins vegar öðrum upplýsingum um stöðu barna, þekkingu starfsfólks sveitarfélagsins á réttindum barna og framkvæmd þeirra. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann bar ábyrgð á að aðgerðinni yrði komið í framkvæmd á því tímabili sem áætlunin var í gildi. Í þeim tilvikum sem það gekk ekki eftir er það skýrt sérstaklega og næstu skref aðgerðarinnar tilgreind. Sýnt verður fram á tengingar við greinar Barnasáttmálans, grunnþætti Barnvæns sveitarfélags sem og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar telur 17 aðgerðir sem skipt var í fjóra yfirflokka, *Raddir barna og valdefling, Fræðsla, Geðheilbrigði ungmenna og Umhverfismál.*

1. Valdefling erlendra nemenda
2. Yallah Gamli: Menningarfræðsla og opnar umræður
3. Íþróttafélaginn
4. Skólastarf með mannréttindi að leiðarljósi
5. Hinsegin landsmót
6. Stórþing ungmenna og skólaping
7. Barnvænt hagsmunamat
8. Samráð vegna fjárhagsáætlunargerðar
9. Unnið að því að allir leik- og grunnskólar sveitarfélagsins verði Réttindaskólar
10. Aukin þekking starfsfólks á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
11. Aukin fræðsla fyrir Ungmennaráð Akureyrar
12. Markviss fræðsla í samráði við ungmenni
13. Áætlun um úrbætur vegna geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna
14. Bergið Headspace
15. Bætt verklag í baráttu við skólaforðun
16. Hinsegin félagsmiðstöð
17. Aukið hjólastólaaðgengi

Raddir barna og valdefling



Ávallt skal hafa börn með í ráðum þegar teknar eru ákvarðanir innan sveitarfélagsins er hafa áhrif á þau sérstaklega, þegar þjónusta er endurskipulögð og þegar unnið er að stefnumótun málaflokka er varða þau. Við stefnumótunarvinnu skulu börn markvisst kölluð að borðinu og fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Svo það sé hægt er nauðsynlegt að tryggja öllum börnum skýrar og aðgengilegar þátttökuleiðir sem og vettvang. Aðgerðir í þessum flokki styðja sérstaklega við tvo af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, það er *þátttaka barna* og *barnvæn nálgun* auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna númer 10 og 16.



1. Valdefling erlendra nemenda

Erlendir ríkisborgarar eru í dag rúmlega 9%¹ á Akureyri og hefur fjölgað síðustu ár. Með vaxandi hlutfalli barna af erlendum uppruna í sveitarfélaginu eykst þörfin fyrir að tekið sé tillit til og hlustað sérstaklega á þarfir þeirra, þar sem þær eru oft ólíkar annarra barna. Var aðgerðin hugsuð til að styðja við þennan hóp barna. Aðgerðin var samstarfsverkefni milli Akureyrarbæjar og Kópavogsbæjar til að efla þátttöku erlendra barna og ungmenna í daglegu starfi innan skóla og frístundar í sínu sveitarfélagi. Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóður innflytjendamála hjá félags- og barnamálaráðuneytinu. Upprunaleg mynd verkefnisins var umfangsmeiri en sú styrkupphæð sem að lokum fékkst náði yfir, verkefnið var því dregið saman og lögð aðaláhersla á málstofu fyrir börn af erlendum uppruna úr báðum sveitarfélögum. Um 20 börnum á aldrinum 12-15 ára var boðin þátttaka á málþingi sem fór fram í Kópavogsbæ. Unnið var út frá þjóðfundafyrirkomulagi á málþinginu og var þátttaka barna og foreldra þeirra þeim að kostnaðarlausu.

Markmið aðgerðar

Markmið aðgerðarinnar er að hlusta sérstaklega eftir röddum barna af erlendum uppruna og finna leiðir hvernig bæta megi stöðu þeirra og veita þeim betri tækifæri til að taka markvisst þátt í stefnumótandi starfi sveitarfélagsins með því að auka meðvitund stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins. Gögn eftir málþingið voru tekin saman og niðurstöðum komið til kjörinna fulltrúa og stjórnenda sveitarfélagsins og grunnskólanna til að varpa ljósi á stöðu barna af erlendum uppruna. Verkefnið stuðlaði að því að auka vitneskju og meðvitund fólks sem vinnur með og fyrir þennan hóp barna.

¹https://www.skra.is/gogn/thjodskrargattin/ibuar-landsins/?fbclid=IwAR3fW_JLsrkefXB8-gw0cb5jCQbPPF8zhnog4iXskEof6rn0BbnhwTcemE

Tímarammi

Þetta tiltekna verkefni var tímabundið og hófst í maí 2021 og lauk með málstofu að hausti sama ár. Aðgerðinni sem slíkri er lokið þó svo að valdefling nemenda, hvort sem það er erlendra eða ekki, sé verkefni sem aldrei lýkur. Vert er að nefna að eftir að aðgerðinni lauk tók til starfa hjá Akureyrarbæ kennsluráðgjafi barna með íslensku sem annað mál, sem hefur orðið til þess að þjónustan við þennan hóp barna hefur tekið miklum framförum.

Ábyrgðaraðili

Forstöðumaður forvarna- og frístundadeildar bar ábyrgð á verkefninu í samvinnu við forvarna- og félagsmálaráðgjafa innan deildarinnar og verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags.

2. Yallah Gamli: Menningarfræðsla og opnar umræður

Hlutfall barna af erlendum uppruna og þar af börnum á flótta hefur aukist töluvert undanfarin ár. Þarfir þeirra og bakgrunnur er ólíkur annarra barna og er mikilvægt að mæta þessum börnum sérstaklega og aðstoða við að koma sér vel fyrir í samfélaginu.

Aðgerðin snéri að hópstarfi með unglingsdrengrum með flóttabakgrunn og eiga uppruna sinn í Sírlandi og Írak. Um tilraunverkefni var að ræða þar sem sérstaklega var horft í samskipti milli kynja og fræðslu um íslensk menningarviðmið og siði. Unnið var með þá þætti í gegnum jafningjastuðning og reynslunám á fræðslufundum. Lögð var áhersla á opnar umræður á fundunum í stað hefðbundinnar fræðslu. Hópstjóri studdist við hugmyndafræði menningarkóðunar, sem gefið hefur góða raun í aðlögun flóttamanna í Noregi. Hún inniber að útskýra viðmið samfélagsins eins og þörf krefur, notast við opnar spurningar en að hópstjóri haldi sig annars að miklu leyti frá samræðunum. Einnig var unnið út frá hugmyndafræði *Time-wise* sem er forvarnarinngríp sem styður við jákvæðan þorska á unglingsárum og stuðlar að heilbrigðri sýn og jákvæðrar notkunar á frítíma. Stuðst var við fræðsluáætlun forvarna- og frístundadeildar varðandi umræðuefni fundanna.

Markmið

Markmið verkefnisins er að efla samskiptahæfni einstaklinga með erlendan bakgrunn, sér í lagi gagnvart öðrum kynjum sem og að auka skilning þeirra og þekkingu á ólíkum menningarsjónarmiðum og stuðla að gagnkvæmri virðingu. Markmiðið er að veita þeim heildarsýn á íslenskt samfélag og hlúa að opinni umræðu um íslensk gildi eins og kvenréttindi, réttindi hinsegin fólks, ólíkar hefðir og félagsleg viðmið og fá fram þeirra skoðanir. Var það gert án þess þó að tala niður til þeirra upprunalega menningarheims eða þröngva íslenskum gildum upp á hópinn.

Ábyrgðaraðili

Forstöðumaður forvarna- og frístundadeildar og forvarna- og félagsmálaráðgjafi innan deildarinnar báru ábyrgð á verkefninu.

Tímarammi

Um tilraunverkefni til hálfis árs var að ræða, sem hófst að hausti 2022 og stóð fram á vor 2023. Aðgerðin flokkast sem lokið en vonast er til að blása aftur lífi í þetta þarfa verkefni og bæta þá einnig við hópastarfi fyrir unglingsstúlkur. Nú þegar er opið samtal milli Vinnumálastofnunar, Verkmenntaskólans á Akureyri og Ungmennahúss/Virkis um að fara af stað með nýjan hóp en þó er ekki ljóst með kynjaskiptingu á þessum tímamarki. Verkefninu verður áfram fylgt eftir.

3. Íþróttafélaginn

Aðgerð þessi snýst um að mæta vanda með snemmtækri íhlutun og fellur það undir samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna. Börn með fjölþættan vanda hafa notið stuðnings innan skólakerfisins og í frítíma þar sem ekki liggur fyrir skipulögð dagskrá, með aðkomu félagslegrar liðveislu. Hins vegar hefur þessi stuðningur ekki fylgt þeim inn á íþróttæfingar, sem hefur komið niður á þeirra iðkun sem og jafnvel annarra barna. Vandinn fylgir börnunum oftast þegar út úr skólakerfinu er komið og því er mikilvægt að mæta þeim á öllum vígstöðum. Forstöðumaður tómsundamála og verkefnastjóri félagslegrar liðveislu hafa bent á að eftir fjórða bekk eykst brottfall úr íþróttum og þau börn þurfa oft á aðstoð félagslegrar liðveislu að halda þar sem þau eru orðin félagslega einangruð. Í mörgum málum þarf jafnvel mikið inngrip og aðhald til að virkja börnin á ný.

Íþróttafélaginn er tilraunaverkefni til eins árs sem unnið er í samstarfi við fjögur íþróttafélög í sveitarfélaginu; Fimleikafélag Akureyrar, KA, UFA og Þór. Verkefnið snýr að því að aðstoða börn með fjölþættan vanda í 1.-4. bekk grunnskóla að stunda skipulagðar íþróttæfingar. Starfsmaður er á svæðinu og stuðlar að því að rjúfa félagslega einangrun, styrkja sjálfsmynd og félagsleg samskipti og hjálpar börnunum að uppgötva nýja styrkleika. Starfsmaðurinn er í mikilli samvinnu með þjálfurum íþróttafélaga. Starfshlutfall er mismunandi eftir því hjá hvaða félagi viðkomandi starfar og spilar þar inn í fjöldi íþróttagreina og æfinga en íþróttafélögin kortleggja sjálf hvar þörfin er mest.

Markmið

Markmið verkefnisins er að veita börnum með fjölþættan vanda tækifæri til að stunda íþróttir og fá sín notið í hreyfingu með jafnöldrum sínum. Markmiðið er einnig að styrkja sjálfsmynd og styrkleika barnanna, efla þau í félagslegum samskiptum og stuðla að jákvæðum upplifunum og persónulegum sigrum.

Tímarammi

Um er að ræða tilraunaverkefni til eins ár sem hófst að hausti 2023 og er enn í gangi. Til stendur að setja inn í verkferla ábyrgðaraðila verkefnisins að meta árangur þess meðal annars með spurningakönnun til foreldra barnanna sem nýta þjónustuna. Ekki var gert ráð fyrir því í upphaflegri mynd verkefnisins. Aðgerðin er enn opin og staðan verður tekin aftur í stöðumati næsta innleiðingarhrings, munu þá niðurstöður foreldrakönnunarinnar verða nýttar í að meta áframhaldandi þörf verkefnisins.

Ábyrgðaraðili

Verkefnið er samstarfsverkefni en forstöðumaður tómsfundamála og félagslegrar liðveislu, verkefnastjóri félagslegrar liðveislu og íþróttafélögin sjálf bera ábyrgð á aðgerðinni.

4. Skólastarf með mannréttindi að leiðarljósi

Aðgerðin snéri að því að vinna gátlista þar sem mannréttindi eru forgrunni, þeir kynntir fyrir starfsfólki grunnskóla sveitarfélagsins og innleiddir í starfið. Gátlistinn er hagnýtt verkfæri fyrir starfsfólk grunnskóla til að vinna gegn fordómum og stöðluðum hugmyndum um fólk, hvort heldur sem er í orðanotkun, myndbirtingu og/eða samskiptum. Gátlistinn inniheldur einföld ráð til að efla virðingu fyrir grundvallarmannréttindum og auka vitund um gildi fjölbreytileikans en samkvæmt mannréttindastefnu Akureyrarbæjar skal ásamt öðru vinna að afnámi staðalimynda, gegn margþættri mismunun og fjölbreytileikinn á að njóta sín. Gátlistanum er ætlað að tryggja betur réttindi barna á þeim grunni sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um og styrkja börnin til að vera þau sjálf ásamt því að skapa þeim aðstæður þannig að þau upplifi að þau séu mikils metin og að komið sé fram við þau af virðingu.

Gátlistinn var kynntur fyrir námsráðgjöfum grunnskólanna og til stóð að þeir myndu aðstoða starfsfólk við að innleiða þá inn í sitt starf. Grundvallaratriði aðgerðarinnar var að starfsfólk þekkti gátlistann og ynni samkvæmt honum. Þannig yrðu umræður um réttindi barna og mannréttindi almennt eðlilegur hluti af skólastarfinu þar sem starfsfólk gæti deilt reynslu, spurt spurninga og stutt við gagnlega umræðu bæði meðal starfsmannahópsins og nemendahópsins.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðu námsumhverfi, jákvæðum skólabrag þar sem fjölbreytni nemendahópsins er höfð til hliðsjónar.

Tímarammi

Gátlistinn var unninn seinni hluta árs 2020 og kynntur fyrir skólastjórnendum og námsráðgjöfum snemma árs 2021. Því miður varð hikst í aðgerðinni og var ekki farið lengra með verkefnið en að kynna gátlistann fyrir fyrrnefndum aðilum.

Þráðurinn hefur þó verið tekinn upp aftur og samtal hafið við sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs um að vinna verkefnið áfram með grunnskólunum. Aðgerðinni er því ekki lokið heldur mun hún að öllum líkindum færast yfir í næstu aðgerðaráætlun.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgð aðgerðarinnar var á jafnréttisráðgjafa Akureyrarbæjar, forstöðumanni á fræðslusviði, verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags ásamt skólastjórnendum og námsráðgjöfum hvers skóla fyrir sig. Verkefnið er komið inn á borð hjá sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs í von um að virkja grunnskólana í því að innleiða gátlistann í sitt starf.

5. Hinsegin landsmót

Það er flókið að vera unglingur og enn flóknara að vera hinsegin unglingur. Eðli unglingsins er að spegla sig í jafnöldrum sem gerir hlutina oft mjög flókna fyrir hinsegin ungmenni, og þá sérstaklega þau sem búa í minni sveitarfélögum úti á landi. Fræðslu er mjög oft ábótavant bæði fyrir ungmenni og ekki síst foreldra þeirra og er oft erfitt að fá viðunandi aðstoð og stuðning. Þá sýna rannsóknir að hinsegin ungmenni glíma mun oftar við kvíða, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir en önnur ungmenni. Starfsmenn Hinsegin félagsmiðstöðvar á Akureyri segja sín ungmenni hafa verið að kalla eftir sameiginlegum hitting á stærra sviði og úr varð Hinsegin landsmót.

Hinsegin landsmót fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára var haldið í fyrsta skipti á Íslandi árið 2023 að frumkvæði ungmenna og starfsmanna á Akureyri. Hinsegin FÉLAK stóð fyrir landsmótinu ásamt Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar og Samfés, landssamtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Sótt var um styrk frá Erasmus+ fyrir verkefninu og ungmenni frá Akureyri sáu að stóru leyti um að skipuleggja viðburðinn. Landsmótið fór fram að Varmalandi í Borgarfirði og var þríþætt, þ.e. hópefli og skemmtun, fræðsla og smiðjur til að auka þekkingu og virkni, og loks málþing þar sem ungmennin fengu tækifæri til að skiptast á skoðunum og koma þeim á framfæri. Ungmennin fengu einnig tækifæri til að ræða beint við ráðamenn þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, mætti og eins var Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, með aðsent ávarp í upphafi landsmótsins.

Markmið

Markmið verkefnisins er að veita hinsegin ungmennum á Íslandi vettvang til að hitta önnur ungmenni í sambærilegum þælingum í öruggu umhverfi. Þar geta þau deilt skoðunum sínum, líðan og vangaveltum um lífið og tilveruna án þess að þurfa að ritskoða sig og óttast að verða fyrir aðkasti. Markmiðið er einnig að styrkja sjálfsmynd ungmennanna og samskiptafærni þeirra, stækka tengslanet, þjálf þau í lýðræðislegum vinnubrögðum og hvetja til að skiptast á skoðunum á uppbyggilegan hátt.

Tímarammi

Landsmótið var haldið snemma árs 2023 með eftirminnilegum hætti og þótti afar vel lukkað. Aðgerðinni sem slíkri er því lokið en nú hefur Samfés tekið yfir ábyrgð á verkefninu og vonin er sú að Hinsegin landsmót sé komið til að vera.

Ábyrgðaraðili

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar innan forvarna- og frístundadeildar báru ábyrgð á þessari aðgerð með þátttöku ungmenna á Akureyri.

6. Stórþing ungmenna og skólaping

Aðgerðin er tvíþætt og felur í sér að annars vegar verði árlega haldin barnaping innan allra grunnskóla Akureyrarbæjar þar sem nemendur á öllum stigum fá tækifæri til að ræða málefni, sér í lagi innan skólasamfélagsins, er snúa að þeim og þeirra velferð. Hins vegar verði annað hvert ár haldið Stórþing ungmenna þar sem fulltrúar barna og ungmenna frá öllum grunnskólum og báðum framhaldsskólum sveitarfélagsins er veittur stærrí vettvangur til að koma á framfæri skoðunum sínum og hugmyndum um þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á og ræða málefni sem brennur á þeim. Umræðupunktur þingsins eru settir saman af Ungmennaráði Akureyrarbæjar meðal annars út frá niðurstöðum skólapinga og samtölum við nemendaráð grunnskólanna og skólafélög framhaldsskólanna.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að raddir barna og ungmenna sveitarfélagsins fái hljómgrunn og auka meðvitund starfsfólks og kjörinna fulltrúa á málefnum barna, skoðunum þeirra og hugmyndum. Stórþingið er stefnumótandi verkfæri fyrir sveitarfélagið þar sem markvisst er unnið að því fanga hugmyndir barna og ungmenna, kortleggja þær og koma áleiðis inn í stjórnsýsluna hagsmunum þeirra til bóta.



Tímarammi

Lagt er upp með að skólaping séu haldin á haustönn og Stórþing snemma árs, í febrúar eða mars, annað hvert ár. Síðasta Stórþing var í febrúar 2023. Aðgerðin er langtímaaðgerð þar sem vonin er að verkefnin verði fest í sessi til frambúðar, bæði innan grunnskólanna og sveitarfélagsins en lagt verður mat á aðgerðina við stöðumat í hverjum innleiðingarhring hér eftir.

Ábyrgðaraðili

Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags, umsjónarmenn Ungmennaráðs Akureyrar ásamt ráðinu sjálfu báru ábyrgð á síðasta Stórþingi og líklegt er að það verklag

haldi sér milli þinga. Grunnskólastjórar hvers skóla fyrir sig bera ábyrgð á skólapingum síns skóla. Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags hefur sinnt þar eftirfylgni og mun gera áfram. Þegar byggð hafa verið upp sterkari tengsl milli Ungmennaráðs Akureyrar og nemendaráða grunnskólanna, eins og er nú í vinnslu, munu fulltrúar þess fyrrnefnda einnig fylgja eftir framgangi skólapinga.

7. Barnvænt hagsmunamat

Börn eru sérstaklega viðkvæmur hópur og þurfa því sérstakan stuðning og tækifæri umfram fullorðna. Ákvarðanir sem hafa fyrst og fremst áhrif á börn og þeirra umhverfi og líf kallar á ítarlegri greiningu á verklagi og aukið samráð ráðamanna við börn, sem er það sem börn og ungmenni sveitarfélagsins hafa verið að kalla eftir. Málum sem vísað hefur verið til Ungmennaráðs Akureyrar hefur fækkað undanfarin ár og hafa fulltrúar ráðsins bent á það.

Aðgerðin, það er innleiðing gátlista fyrir barnvænt hagsmunamat, var hluti af fyrstu aðgerðaráætlun sveitarfélagsins. Verkerlar voru þróaðir á árinu 2019 og stefnt var að því að vinna eftir verklaginu árið 2020. Það gekk ekki eftir og því var aðgerðin tekin upp aftur í nýrri aðgerðaráætlun. Gátlistinn var þróaður áfram, einfaldaður og settur fram sem þrjár meginspurningar ásamt ítarefni til útskýringar. Gátlistinn snýr að hagsmunamati út frá réttindum barna og tryggir að sjónarmið barna séu höfð til hliðsjónar við allar ákvarðanir er hafa áhrif á þau. Listann má nota við undirbúning mála og eftirfylgni þeirra. Fræðslu- og lýðheilsuráð fékk fræðslu um notkun gátlistans að hausti 2023 og tók hann í framhaldi inn sem tilraunaverkefni fram að áramótum.

Vonin var að með innleiðingu gátlistans til ráða bæjarins myndi verkefnum Ungmennaráðs Akureyrar fjölga og fulltrúar ráðsins, ásamt öðrum börnum og ungmennum sveitarfélagsins fengju fleiri tækifæri til áhrifa. Það hefur sannarlega raungerst, það er að málum inn á borð Ungmennaráðsins hefur fjölgað og á hverjum fundi eru tekin fyrir um fimm til sex mál frá fræðslu- og lýðheilsuráði. Því ber að fagna en augljóst er þó að þörf er á að vekja betur athygli á þeim fjölmörgu leiðum sem í boði eru til að eiga samráð við börn og ungmenni, aðrar en í gegnum Ungmennaráðið, og að hvetja ráðamenn til að gera það fyrir í ferli mála.

Markmið

Markmið með aðgerðinni er að tryggja að réttindi barna séu virt í öllum ákvörðunum sem teknar eru innan stjórnslunnar. Þannig sé tekið mið af áhrifum ákvarðana á börn og umhverfi þeirra, þau höfð með í ráðum þegar þjónusta er endurskipulögð og unnið er að stefnumótun málaflokka er varða þau. Markmiðið er að veita stjórnendum sveitarfélagsins stuðning í sínum störfum og verkfæri til að leita markvisst eftir sjónarmiðum barna með fjölbreyttum leiðum ásamt því að tryggja að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í stefnumótunavinnu.

Tímarammi

Aðgerðin var eins og áður sagði hluti af fyrstu aðgerðaráætlun sveitarfélagsins en ekki tókst að innleiða gátlistann inn í verklag ráða og nefnda á þeim tíma. Fræðslu- og lýðheilsuráð tók listann inn sem tilraunaverkefni að hausti 2023 og vinnur enn út frá honum. Næst á dagskrá er að boða til fundar milli fulltrúa Ungmennaráðs og fulltrúa fræðslu- og lýðheilsuráðs og öðrum viðeigandi aðilum í þeim tilgangi að taka saman hvað tókst vel og hvað mætti betur fara varðandi notkun gátlistans, meta hvernig skuli vinna áfram með hann og hvað væri nauðsynlegt til að auðvelda innleiðingu í önnur ráð og nefndir sveitarfélagsins. Aðgerðinni er að vissu leyti lokið þar sem gátlistinn hefur verið innleiddur í eitt ráð en horft er til þess að barnvænt hagsmunamat verði fest í sessi innan stjórnýslu sveitarfélagsins og það ferli er því rétt að byrja. Aðgerðinni verður fylgt eftir í næstu aðgerðaráætlun.

Ábyrgðaraðili

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs bar ábyrgð á aðgerðinni ásamt forstöðumanni skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs, formanni fræðslu- og lýðheilsuráðs og verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags. Í næstu skrefum innleiðingar gátlistans í önnur ráð munu aðrir sviðsstjórar og formenn ráða verða virkjaðir til ábyrgðar innan síns sviðs.

8. Samráð vegna fjárhagsáætlunargerðar

Ungmennaráði Akureyrar var boðið á samráðsfund vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árin 2024-2027. Fundað var með bæjarstjóra, aðstoðarmanni bæjarstjóra, formanni bæjarráðs, forseta bæjarstjórnar og forstöðumanni hagþjónustu og áætlanagerðar. Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags, forvarna- og félagsmálaráðgjafi ásamt forstöðumanni forvarna- og frístundadeildar fylgdu fulltrúum ráðsins á fundinn. Ungmennaráðið fékk það verkefni fyrir fundinn að undirbúa samantekt á því sem það telur sveitarfélagið gera vel í þeim málaflokkum sem hafa með börn að gera, hvað þyrfti að bæta og ráðast í, sem og hvort breyta eða draga mætti úr einhverri þjónustu sem snýr að málaflokkum barna til að skapa svigrúm fyrir aðra þjónustu. Ungmennaráðið tók saman gögn til dæmis frá niðurstöðum Stórpings ungmenna og setti upp í stærðarinnar litakóðað Excel skjal og kynnti á fundinum.

Mikilvægt er að raddir barna og ungmenna heyrist og skoðanir þeirra á málefnum er þau snertir teknar gildar. Börn hafa sjálf verið að kalla eftir því og er þetta fundarboð stórt skref fram á við í þeim málum. Ýmislegt hefði þó verið hægt að gera betur í kringum fundinn, má þar nefna tímaramma sem Ungmennaráð fékk til undirbúnings, sem var rétt um vika, utanumhald fundar og eftirvinnslu ráðinu til upplýsinga, það er hvort og þá með hvaða hætti var tekið tillit til tillaga ráðsins.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að fá fram sjónarmið Ungmennaráðs Akureyrar og þar með allra ungmenna sveitarfélagsins, á starfsemi sveitarfélagsins á þeim málaflokkum er þau snertir.

Tímarammi

Samráðsfundurinn var haldinn í byrjun júní 2023. Aðgerð telst lokið en von er um að sambærilegt samráð við Ungmennaráð Akureyrarbæjar verði fest í verklag.

Ábyrgðaraðili

Bæjarstjóri, aðstoðarmaður bæjarstjóra, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs voru ábyrgðaraðilar aðgerðarinnar.

Fræðsla



Grunnþekking fólks á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er undirstöðuatriði þegar kemur að því að tryggja réttindi barna. Samkvæmt 42. grein sáttmálans eiga börn rétt á því að þekkja réttindi sín ásamt því að fullorðnir þekki réttindi þeirra. Er fræðsla þar lykilatriði og mikilvægt er að hún sé markviss og regluleg svo börn jafnt sem fullorðnir geti sett réttindi allra barna í samhengi við sitt daglega líf, verkefni og störf sveitarfélagsins. Aðgerðir innan þessa flokks styðja sérstaklega við þrjá af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, það er *þekking á réttindum barna, þátttaka barna og barnvæn nálgun* auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna númer 4 og 16.



9. Unnið að því að allir leik- og grunnskólar sveitarfélagsins verði Réttindaskólar

Hér fær fulltrúi Ungmennaráðs Akureyrar orðið, en eftirfarandi er hluti úr ræðu sem viðkomandi flutti á Bæjarstjórnarfundum Unga fólksins að vori 2023:

Akureyrarbær er barnvænt sveitarfélag, sem felur meðal annars í sér að börn og ungmenni þekki réttindi sín en staðan er sú að það gera ekki öll börn. Ein leið til að sjá til þess að svo verði er að gera alla skóla Akureyrar að Réttindaskólum. Rannsóknir hafa sýnt að innleiðing Réttindaskóla leiðir til þess að börn og ungmenni sýni meira umburðarlyndi og virðingu fyrir til dæmis fjölbreytileika, sem hefur m.a. þau áhrif að einelti og ofbeldi í skólum minnkar.

Allir leik- og grunnskólastjórnendur auk yfirmanns félagsmiðstöðvastarfs fengu á tímabilinu kynningu á verkefninu Réttindaskóli og -frístund UNICEF og voru hvattir áfram til að hefja innleiðingarvinnu innan sinnar starfstöðvar, er þá átt við leikskóla, grunnskóla, frístund og félagsmiðstöðvar. Verkefnið var tekið upp á fundum bæði fræðslu- og lýðheilsuráðs og innan skólanna sjálfra og steinum velt varðandi tíma og rúm hvers og eins til að hefja innleiðingarferlið. Aðilar innan fræðslu- og lýðheilsusviðs voru skólunum til stuðnings eftir getu og tengdu við starfsmenn UNICEF eftir þörfum. Lagt var til að skólarnir ynnu verkefnið að einhverju leyti saman og myndu reyna að fylgjast að í innleiðingunni þar sem því var við komið. Sú samvinna gekk prýðilega hjá leikskólunum en ekki eins vel hjá grunnskólunum og félagsmiðstöðvunum.

Nú hafa tveir leikskólar innan sveitarfélagsins hlotið viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskólar á leikskólastigi og eru aðrir fimm komnir vel á veg með innleiðinguna. Leikskólarnir hafa tekið verkefninu af miklum áhuga og krafti. Tveir grunnskólar hafa sömuleiðis hlotið viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskólar- og frístund, þar af er annar kominn með endurmatsviðurkenningu. Fjórir aðrir grunnskólar hafa hafið vinnu í kringum innleiðingarferlið en þó hver á sínum hraða og eru því á mismunandi stað. Ekki hefur gengið eins vel að innvinkla félagsmiðstöðvar og frístund í verkefnið en það verður tekið fastari tókum.

Einn liður aðgerðarinnar var að standa fyrir fræðslu- og námskeiðsdegi í samvinnu við starfsfólk UNICEF á Íslandi. Dagurinn var ætlaður öllum stjórnendum og þeim fulltrúum er standa að innleiðingu innan hvers skóla, óháð því hvar þeir eru staddir í innleiðingarferlinu, starfsfólki FéIAk, verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags og viðeigandi aðilum innan skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs. Tilgangur dagsins var að læra um innleiðingu Réttindaskóla, hvernig best skuli haga fræðslu fyrir allt starfsfólk og fá kynningu á vel heppnuðum verkefnum annarra skóla. Dagurinn heppnaðist einkar vel, var vel sóttur og augljóst var eftir daginn að kviknað hafði á áhugaperum hjá þó nokkrum. Það kristallaðist í því að aðeins nokkrum vikum síðar var einn grunnskólinn, sem ekkert var byrjaður á ferlinu, búinn að setja upp vel skipulagt og ígrundað plan fyrir innleiðingu sem til stendur að hefjist næsta haust.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að kveikja áhuga stjórnenda allra leik- og grunnskóla sveitarfélagsins á verkefninu Réttindaskóli og -frístund UNICEF og hvetja þá til að hefja innleiðingarferli innan síns skóla. Langtímamarkmið, sem mun að hluta falla inn í næstu aðgerðaráætlun sveitarfélagsins er að fjölga enn frekar í fjölda skóla sem verða Réttindaskólar UNICEF, er þá átt við leikskóla, grunnskóla, frístund, félagsmiðstöðvar.

Heildarmarkmið með því að allir leik- og grunnskólar hljóti viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskólar er að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda, þar sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verður lagður til grundvallar í öllu starfi. Þannig stuðlar það að þeim réttindum að börn fái að mennta sig, þekki réttindi sín og annarra, geti iðkað þau og treyst því að aðrir þekki réttindi þeirra og starfi í samræmi við þau.

Tímarammi

Í upphafi var ákveðið að setja ekki inn ákveðinn tímaramma fyrir innleiðingarsfasa verkefnisins, hvorki fyrir skólana í heild né fyrir hvern skóla fyrir sig. Þess í stað er kveðið á um í starfsáætlun fræðslu- og lýðheilsusviðs að hvetja skólana til að kynna sér verkefnið ítarlega og styðja við þá að hefja innleiðingu. Aðgerðin er á langtímaáætlun sveitarfélagsins og mun þar af leiðandi færast yfir í næstu aðgerðaráætlun verkefnisins. Henni er því ekki lokið en miðar vel áfram. Það verður áhugavert að sjá hversu margir skólar, félagsmiðstöðvar og frístundir munu hafa bæst í hópinn að næsta innleiðingarhring loknum.

Ábyrgðaraðili

Aðgerðin var og verður áfram leidd áfram af skólastjórnendum í samstarfi við sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs, starfsfólk skólaskrifstofu og réttindaskólastjóra UNICEF.

10. Aukin þekking starfsfólks á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

UNICEF á Íslandi hefur útbúið hagnýt og aðgengileg námskeið fyrir sveitarfélög auk hugmynda að fræðsluáætlun og viðmiðum fyrir þátttöku starfsfólks innan ákveðinna sviða sveitarfélaga. Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags hefur staðið fyrir fræðsluerindum um námskeiðin fyrir bæjarstjóra, kjörna fulltrúa, ráð, sviðsstjóra, skólastjórnendur og aðra sem þörf þykir að fái sérstaka kynningu. Það hefur í framhaldi verið í höndum sviðsstjóra að koma þeim upplýsingum áleiðis innan síns sviðs. Fyrirnefndur verkefnisstjóri hefur eftir bestu getu fylgt eftir ástundun með hvatningartölvupóstum og innliti á fundi og haldið utan um viðurkenningarskjöl og þátttökulista fyrir lokin námskeið. Eftirfylgni og utanumhald hefur þó reynst flókið og ekki nægilega skilvirkt. Það er því fagnaðarefni að Akureyrarbær hefur unnið hörðum höndum að því að innleiða nýtt fræðslukerfi sem er við það að líta dagsins ljós. Eftir samtöl við og stuðning frá starfsmönnum UNICEF var ákvörðun tekin um að færa öll fræðslunámskeið UNICEF yfir í fræðslukerfi sveitarfélagsins. Það mun án efa auðvelda allt utanumhald og eftirfylgni með ástundun námskeiða ákveðinna starfstöðva og einstakra starfsmanna.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er tvíþætt; annars vegar að auka þekkingu starfsfólks á réttindum barna þannig þau verði höfð að leiðarljósi í öllu starfi innan sveitarfélagsins. Er þá átt við þekkingu á inntaki hans og hvernig skuli haga störfum þannig að réttindi barna séu tryggð. Hins vegar að fjölga í þeim hópi starfsfólks sem þekkja til réttinda barna samkvæmt Barnasáttmálanum og hafa tileinkað sér inntak hans í leik og starfi.

Tímarammi

Fræðsla um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er lykilatriði og rauður þráður í verkefninu Barnvænt sveitarfélag. Hún verður því ávallt hluti af aðgerðum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að halda verkefninu á lofti þar sem nýtt starfsfólk og ný börn koma inn ásamt því að þörf er fyrir reglulega upprifjun til að viðhalda þekkingu. Öll námskeið tengd verkefninu Barnvænt sveitarfélag eru nú komin inn í nýtt fræðslukerfi Akureyrarbæjar og verður þar tilteknum námskeiðum úthlutað á viðeigandi aðila út frá sviðum og starfsstöðvum. Fræðslukerfið verður formlega opnað á komandi vikum. Í næstu aðgerðaráætlun verður settur ítarlegri tímarammi fyrir ástundun starfsfólks til að reyna að framfylgja lágmarkspáttökuvíðmiðum UNICEF.

Ábyrgðaraðili

Aðgerð var á ábyrgð verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags, sviðsstjóra Akureyrarbæjar og ákveðinna aðila innan mannauðsdeildar í tengslum við fræðslukerfi bæjarins. Aðgerðin mun halda sér að einhverju leyti inn í næstu aðgerðaráætlun.

11. Aukin fræðsla fyrir Ungmennaráð Akureyrar

Samtöl við fulltrúa Ungmennaráðs Akureyrar hafa borið þess merki að þá skortir oft þekkingu á gangverki sveitarfélagsins og hverjir þeirra helstu samstarfsaðilar innan sveitarfélagsins eru. Einn þáttur í því að efla fulltrúana í sínu starfi er að styrkja tengsl þeirra við þessa helstu aðila. Ákvörðun var tekin um að bæta í kynningar og fræðslu fyrir ráðið og inn á fundi hafa komið aðilar frá ýmsum sviðum og starfsstöðvum til að kynna sín störf og í mörgum tilfellum óskað eftir hugmyndum frá ráðinu til að bæta þeirra störf. Má þar helst nefna kynningu forseta bæjarstjórnar á bæjarkerfinu og hlutverki ungmennaráðs innan þess, kynningu sviðsstjóra mannauðssviðs á starfsemi og rekstri Akureyrarbæjar, kynningu forstöðumanns og verkefnastjóra innan umhverfis- og mannvirkjasviðs á umhverfis- og loftslagsstefnu Akureyrarbæjar, samtöl við formenn fræðslu- og lýðheilsuráðs og velferðarráðs, samtöl við verkefnastjóra lýðheilsamála í tengslum við aðkomu ráðsins við gerð nýrrar lýðheilsustefnu sveitarfélagsins, kynningar frá forstöðumanni forvarna- og frístundadeildar, starfsfólki Amtsbókasafnsins auk fræðslu um verkefnið Barnvænt sveitarfélag frá verkefnisstjóra.

Markmið

Markmið með aðgerðinni er að efla fulltrúa ungmennaráðsins í sínu starfi.

Tímarammi

Lagt er upp með að festa aðgerðina í sessi og bjóða upp á ýmis konar fræðslu fyrir ungmennaráðið á þar til gerðum námskeiðsdögum í upphafi starfsárs þeirra.

Fyrstu námskeiðsdagar verða snemma að hausti 2024 þegar nýir fulltrúar hafa tekið til starfa eftir sumarfrí.

Ábyrgðaraðili

Aðgerðin var og verður áfram á ábyrgð verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags.

12. Markviss fræðsla í samráði við ungmenni

Árlega óska börn og ungmenni eftir fjölbreyttari og tíðari fræðslu sem og kallað er eftir því að byrja fyrr. Aðgerð þessi var þríþætt og varðaði fræðsluáætlun skóla og fyrirkomulag hvernar fræðslu fyrir sig. Samráð vegna forvarnatengdrar fræðslu hefur verið aukið með því að sett var í verklag forvarna- og félagsmálaráðgjafa að kynna drög að samræmdri fræðsluáætlun Félag fyrir Ungmennaráði Akureyrar og fá þar álit. Ráðgjafar hafa og munu áfram rýna í fræðsluáætlanir fyrri ára með tilliti til ábendinga og



óska ungmenna um ákveðin málefni og gera breytingar sé það hægt, auk þess að byggja fræðslu upp á þátttökumiðaðan hátt þar sem því er mögulega viðkomið. Þá hefur samstarf við báða framhaldsskóla sveitarfélagsins um sameiginlega forvarnatengda fræðsluáætlun aukist ásamt því að kynnt voru úrræði og stuðningur við ákveðna hópa, svo sem hinsegin en hlutaðilar funduðu þó nokkrum sinnum á árinu 2023.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að mæta þörfum, ábendingum og óskum barna og ungmenna varðandi þá fræðslu sem þau hljóta.

Tímarammi

Hafist var handa við að gera breytingar á verklagi að vori 2023 og tókst vel til. Við stöðumat í næsta innleiðingarhring verkefnisins verður áhugavert að sjá hversu vel þessar breytingar hafa skilað sér. Aðgerðinni sem slíkri er lokið en tekinn verður snúningur á henni aftur að stöðumati loknu og kannað hvort frekari breytinga er þörf.

Ábyrgðaraðili

Aðgerð var á ábyrgð forstöðumanns forvarna- og frístundadeildar, forvarna- og félagsmálaráðgjöfum deildarinnar, verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags og að hluta Ungmennaráði Akureyrar.

Geðheilbrigði ungmenna



Börn eiga rétt á því að lifa og þroskast í sem bestum skilyrðum, þau eiga rétt á að fá hjálp þar sem stuðningur er til staðar bæði fyrir þau sjálf og aðstandendur þeirra til að ná aftur heilsu. Á það ekki síður við um andlega heilsu en líkamlega. Mikilvægt er að til sé heildstæð mynd af þeirri þjónustu sem stendur börnum og ungmönnum til boða er varðar andlega heilsu þeirra og að hún sé kynnt börnum og gerð sýnileg. Aðgengi þeirra að slíkri þjónustu þarf að vera auðvelt svo þau eigi hægara um vik að sækja sér þjónustuna á eigin forsendum. Þá þarf að tryggja að til staðar gagnreyndar forvarnir sem styrkja geðheilbrigði þessa hóps. Aðgerðir innan þessa flokks styðja sérstaklega við fjóra af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, það er *það sem barninu er fyrir bestu, að horft sé til réttinda allra barna, þátttaka barna og barnvæn nálgun* auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna númer 3, 4, 5, 10 og 16.



13. Áætlun um úrbætur vegna geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna

Börn og ungmenni hafa borið fyrir sig þekkingar- og úrræðaleyfi þegar kemur að því að leita sér aðstoðar vegna vanlíðan, erfiðleika eða andlegra áskorana. Það er því mikilvægt að þau séu vel upplýst og viti hvert þau geti leitað.

Aðgerð þessi er í raun langtímaaðgerð fyrir þrepaskipta áætlun um úrbætur vegna geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna á Akureyri. Fyrsta þrepið tilheyrir þessari aðgerðaráætlun, næstu þrep munu falla inn í þá næstu. Á fyrsta þrepi var gerð kortlagning á þjónustuframboði- og eftirspurn hjá Akureyrarbæ er varðar stoðþjónustu fyrir börn og foreldra þeirra. Forstöðumaður skólaþjónustu tók saman í vinnuskjal þá þjónustu sem í boði er hjá sveitarfélaginu og verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags vann úr niðurstöðum frá Stórþingi ungmenna um hvað það helst væri sem börn og ungmenni væru að óska eftir, bæði hvað varðar þjónustu og hvernig bera skuli sig eftir henni.



Markmið

Markmið aðgerðarinnar á þessu þrepi er að fá heildstæða mynd yfir þá þjónustu sem í boði er fyrir ungmenni í sveitarfélaginu þegar kemur að stoð- og geðheilbrigðisþjónustu.

Tímarammi

Þar sem um langtímaaðgerð er að ræða þá er aðeins hugað að tímaramma fyrsta þrepsins hér en því var lokið um áramótin 2023/2024. Næstu þrep falla inn í næstu aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar. Þau innihalda meðal annars að lagt verður mat á faglegt innihald og gæði þeirrar þjónustu sem er til staðar og verður þá kominn grundvöllur fyrir áframhaldandi vinnu til að ráðast í aðgerðir varðandi gagnreyndar forvarnir og úrræði fyrir börn og ungmenni. Ætlunin er að ljúka þeim í næsta innleiðingarhring verkefnisins.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðilar aðgerðarinnar voru forstöðumaður forvarna- og frístundadeildar, forstöðumaður skólaþjónustu, verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags auk þess sem sviðsstjórar fræðslu- og lýðheilsusviðs og velferðarsviðs voru þeim innan handar. Þessir sömu aðilar munu koma að næstu skrefum aðgerðarinnar.

14. Bergið Headspace

Á tímabilinu var unnið að samstarfssamningi milli Bergsins Headspace og Akureyrarbæjar um opnun þjónustumiðstöðvar á Akureyri og var sá samningur loks undirritaður undir lok árs 2023. Samningurinn gildir til þriggja ára og mun fræðslu- og lýðheilsuráð útvega Berginu Headspace húsnæði án endurgjalds auk þess sem Akureyrarbær styrkir Bergið um 800.000 krónur á ári. Í fyrstu aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar fyrir verkefnið Barnvænt sveitarfélag var aðgerð um milliliðalaust aðgengi barna og ungmenna að sálfræðiþjónustu. Ekki tókst að ljúka þeirri aðgerð en tilkoma þjónustumiðstöðvar Bergsins Headspace mætir þessari þörf að vissu leyti og jafnvel í víðara samhengi.

Um er að ræða tímabundið samvinnuverkefni milli Bergsins Headspace og Akureyrarbæjar. Bergið Headspace býður upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu til ungmenna upp að 25 ára aldri. Lögð er áhersla á stuðning, fræðslu og ráðgjöf fagfólks í notalegu og öruggu umhverfi fyrir ungt fólk með fjölbreytta reynslu að baki. Þjónustan verður opin einu sinni í viku en tekið verður mið af eftirspurn. Ávallt er hægt að óska eftir ráðgjöf í gegnum netspjall, hringja eða senda tölvupóst. Þétt samstarf verður milli starfsmanns Bergsins á Akureyri og starfsfólks forvarna- og frístundadeildar Akureyrarbæjar sem starfar við Virkið og munu þau deila húsnæði í aðstöðu Virkisins í Íþróttahöll bæjarins við Skólástíg.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að efla þjónustu við ungt fólk sem þarf stuðning og ráðgjöf með því að bjóða upp á lágþröskuldabjónustu sem byggir á snemmtækri

íhlutun. Aðgerðin felur einnig í sér þróun geðheilbrigðisþjónustu við ungmenni í samvinnu við þau sjálf.

Tímarammi

Til stóð að undirrita samstarfssamninginn fyrir árslok 2023 og það tókst. Unnið er að því að ráða inn starfsmann sem tekur til starfa í febrúar 2024 en það ferli er á ábyrgð framkvæmdarstjóra Bergsins Headspace. Aðgerðinni er lokið.

Ábyrgðaraðili

Forstöðumaður forvarna- og frístundaeildar var ábyrgðaraðili þessarar aðgerðar.

15. Bætt verklag í baráttu við skólaforðun

Aðgerð þessi stuðlar að farsæld barna og ungmenna með áherslu á geðrækt, geðtengsl og geðheilbrigði þar sem nauðsynlegt er að skapa umgjörð í skóla sem börn þrífast vel í og fá stuðning við úrlausn sinna mála.

Aðgerðin er samstarfsverkefni milli fræðslu- og lýðheilsusviðs og þriggja grunnskóla í sveitarfélaginu. Verkefnið, sem styrkt er af Sprotasjóði, nær til tveggja ára og hófst vinna að hausti 2023. Það er því aðeins fyrsti fasi þess sem fellur undir þessa aðgerðaráætlun og munu næstu fasar annað hvort fara inn í næstu aðgerðaráætlun eða vera fylgt náið eftir og greint frá í næstu skýrslum til UNICEF.

Verkefnið miðar að því að draga úr skólaforðun með því að greina ástæður hennar, uppfæra verklagsreglur Akureyrarbæjar vegna nemenda með fjölþættan vanda í samræmi við lög um farsæld barna og búa til gagnlega verkfærakistu sem nýtist skólum og foreldrum þegar vanda verður vart. Verkefnið felur einnig í sér fræðslu frá ýmsum aðilum fyrir starfshópinn. Þá verður leitast við að hlusta á nemendur sem hafa sigrast á vanda og eru ekki lengur í skólaforðun eða hafa náð árangri. Rýnt verður í hvað varð til þess að árangur náðist.

Þar sem verkefnið er til tveggja ára var í haust lögð áhersla á gagnagreiningu, fá inn tölfræði yfir þau börn og ungmenni sem ýmist eru að glíma við skólaforðun eða á barmi þess, rýna í vinnulag og starfshætti, ræða fræðsluáherslur gagnvart foreldrum og fá inn fræðsluerindi fyrir starfshópinn um áfallamiðaða nálgun og skólaforðun frá sérfræðingum.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að fækka börnum sem lenda í alvarlegri skólaforðun og búa til verklag sem getur orðið öðrum fyrirmynd þegar kemur að úrræðum og aðgerðum vegna skólaforðunar.

Tímarammi

Verkefnið er þannig að það skarast á við tímabil aðgerðaráætlunarinnar. Undir þessa áætlun féll að setja saman starfshóp og taka fyrstu skrefin varðandi gagnaöflun, að rýna í vinnulag og fá inn fræðsluerindi fyrir starfshópinn. Það gekk

vel eftir, gott skrið er komið á verkefnið og mun aðgerðinni verða fylgt vel eftir í næsta innleiðingarhring.

Ábyrgðaraðili

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs heldur utan um verkefnið en það er unnið í samvinnu við aðila innan skólajónustunnar, deildarstjóra og/eða ráðgjafa þátttökuskólanna og verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags.

16. Hinsegin félagsmiðstöð

Starfsmenn félagsmiðstöðva Akureyrarbæjar hafa í samtölum sínum við hinsegin ungmenni tekið eftir mikilli þörf fyrir sérstakan vettvang fyrir þau og vini þeirra. Aðgerð þessi snéri að því að opnuð yrði Hinsegin félagsmiðstöð [Hinsegin FÉlAk] fyrir öll ungmenni á aldrinum 13-16 ára sem eru hinsegin, í hinsegin þælingum eða styðjandi vinir.

Markmið

Markmiðið með félagsmiðstöðinni er að veita hinsegin ungmennum vettvang í öruggu umhverfi þar sem þau geta hitt önnur ungmenni í sambærilegum sporum og fengið sín notið.

Tímarammi

Hinsegin FÉlAk var gleðilega opnuð árið 2022 og er opin annan hvern mánudag. Aðgerðinni er þar með lokið.

Ábyrgðaraðili

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar innan forvarna- og frístundadeildar báru ábyrgð á þessari aðgerð.

Umhverfismál



Börn eiga rétt á að lifa og þroskast í öruggu umhverfi, þar sem tekið er tillit til þess sem þeim er fyrir bestu.

Hagsmunir þeirra skulu ávallt vera hafðir af leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum eiga einnig að uppfylla þær skyldur, þar sem hindranir hafa verið fjarlægðar og stuðlað er að sjálfstæði þeirra. Þetta á við um öll börn. Aðgerðir innan þessa flokks styðja sérstaklega við þrjá af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, það er *það sem barninu er fyrir bestu*, *að horft sé til réttinda allra barna* og *barnvæn nálgun* auk Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna númer 3, 10 og 11.



17. Aukið hjólastólaaðgengi

Ungmennni hafa kallað eftir að hjólastólaaðgengi verði endurskoðað, bætt og haldið betur við sem dæmi í skólum, íþróttahúsum, í tengslum við strætó og afþreyingastaði. Aðgengi á Akureyri, líkt og annars staðar á landinu, er oft mjög takmarkandi fyrir hreyfihamlaða. Mikilvægt þótti að ráðast í breytingar þar að lútandi og koma upp römpum eða tryggja aðgengi með öðrum hætti. Akureyri tók þátt í verkefninu Römpum upp Ísland árið 2023 og stefnir á að gera það áfram á komandi árum. Eins er sveitarfélagið að vinna að því að bæta aðgengi með styrkjum frá innviðaráðherra á árunum 2023-2024.

Markmið

Markmið aðgerðarinnar er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum.

Tímarammi

Um langtímaaðgerð er að ræða en Akureyrarbær stefnir á að taka áfram þátt í verkefninu sem sett er fram að standi til 11. mars 2025. Aðgerðinni verður fylgt eftir í næstu aðgerðaráætlun.

Ábyrgðaraðili

Aðgerðin var og verður áfram á ábyrgð aðgengisfulltrúa Akureyrarbæjar.

Skýrsla Ungmennaráðs Akureyrar

Seinustu þrjú ár hefur Ungmennaráð Akureyrar, [Ungmennaráð], tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum og eru sum hver orðinn fastur liður í starfi ráðsins. Við í ungmennaráði höfum fengið ýmis mál send til okkar frá öðrum ráðum og hefur fjöldi þeirra verið ásættanlegur, þó svo að sannarlega sé pláss fyrir bætingu. Hafa þarf þó í huga að á þessum þremur árum fór ráðið í gegnum þrjár endurnýjanir á ráðinu, þrenn starfsmannaskipti og sveitarstjórnarkosningar (og þar með algjöra breytingu í öllum ráðum og nefndum bæjarins). Ungmennaráð finnur þó mun á fjölda og gerð þeirra mála sem send eru á okkar borð fyrir og eftir sveitarstjórnarkosningar en ráðin eru misdugleg að senda mál á okkur og er það eitthvað sem hefur sveiflast eftir árum. Það hefur þó stór aukist í fjölda mála á milli ára og höfum við fundið fyrir miklum úrbótum eftir að fræðslu- og lýðheilsuráð tók upp gátlistann fyrir barnvænt hagmunamat með góðum árangri og teljum við gátlistann og reynsluna af honum sýna fram á að hann virki og að taka ætti hann upp í hinum ráðum bæjarins.

Ungmennaráð er einnig með áheyrnarfulltrúa í tveimur ráðum, einn í fræðslu- og lýðheilsuráði og einn í umhverfis- og mannvirkjaráði, og varaáheyrnarfulltrúa sem koma inn á fund ef aðalmaður kemst ekki. Sem áheyrnarfulltrúi hefur þú ekki kosningarétt en er frjálst að taka þátt í umræðum eins og þú vilt. Það er gaman að vera áheyrnarfulltrúi en maður lærir einnig gríðarlega mikið um fundarsköp, fundarhald, ritun fundargerða og bókanir. Hinir í ráðinu taka vel í að hafa ungmenni sem áheyrnarfulltrúa og hlusta á skoðun okkar á málefnum sem eru rætt á fundum. Það er stundum erfitt að fá þau til að senda málefni sem tengjast ungmennum til ungmennaráðs og fá kynningu á þessu málefnum.

Almennt er viðhorf bæjarfulltrúa til ráðsins mjög gott en þó kemur það fyrir að erfitt sé fyrir okkur að tryggja fjármagn fyrir hin og þessi verkefni. Áhrif fullorðinna á okkar starf og verkefni fer líka eftir tíðum en við finnum stundum fyrir meiri áhrifum frá okkar eigin starfsmönnum á umræður og ákvarðanir, þó gerum við okkur grein fyrir að þau gera það með okkar hagsmuni að leiðarljósi en það hefur verið borið upp að lágmarka bein áhrif þeirra á umræður og niðurstöður (frátalið upplýsingum og leiðréttingum á upplýsingavillum).

Ungmennaráð telur mikilvægt og fordæmisgefandi að Akureyrbær haldi áfram að vera barnvænt sveitarfélag og að raddir barna og starf ungmennaráðs haldi áfram að fá aukið vægi innan samfélagsins. Miklar bætingar hafa átt sér stað seinustu þrjú ár en þau hafa einnig verið lærdómsrík varðandi hvað má betur fara og vonumst við til að sú þróun haldi áfram.

Viðhengi 1

Verkefni Ungmennaráðs Akureyrar

Bæjarstjórnarfundur Unga Fólksins

Bæjarstjórnarfundur Unga Fólksins er fundur sem haldinn er árlega og er sameiginlegur fundur bæjarstjórnar og ungmennaráðs. Fulltrúar Ungmennaráðs sjá um að velja málin sem koma fyrir á dagskrá og flytja þau, að flutningi loknum gefst bæjarfulltrúum tækifæri til að koma upp í pontu og svara erindi Ungmennaráðs og oftast er þetta bæjarfulltrúi sem situr í þeirri nefnd sem málið yrði síðan tekið fyrir í. Almenn er þetta nokkuð jákvæður viðburður sem gefur ungmennaráðs fulltrúum góða reynslu en þó vantar oft upp á eftirfylgni mála hjá báðum aðilum og er það eitthvað sem við vonumst til að sjá úrbætur á, dæmi um þetta eru t.d. staðan á ruslatunnum í bænum sem er arfa slök og þrátt fyrir að hafa vakið athygli á þessu á fundinum hefur málið ekki skánað.

Hins vegar er mál eins og geðheilbrigði ungmenna málaflokkur sem bæjarfulltrúar hafa gert eitthvað í en Bergið Headspace mun opna á næstum vikum á Akureyri og því einhver vinna farin á stað í málaflokknum sem við teljum jákvætt.

Þessi fundur er gríðarlega mikilvægur liður í starfi Ungmennaráðs og hefur hann séð miklar úrbætur hvað varðar viðhorf bæjarstjórnar til ungs fólks en þó er enn vinna framundan og vonumst við til að halda áfram að sjá jákvæða þróun í verkefninu þar sem alltaf er hægt að gera betur.

Stórþing Ungmenna

Stórþing ungmenna er viðburður sem Ungmennaráðið skipuleggur og setur upp annað hvert ár. Vegna COVID náðist ekki að halda Stórþing árin 2020-2022 (en Stórþingið átti upprunalega að vera aftur 2021 þar sem það var seinast 2019). Ásamt því að skipuleggja og setja upp þingið sá Ungmennaráð um að setja saman kveikju spurningar fyrir umræðuborðin og voru ýmist borðstjórar, aðstoðarmenn borðstjóra eða ritarar á umræðuborðunum. Þar sem fulltrúar náðu ekki að manna öll borðin vegna fjölda þátttakenda voru einnig bæjarfulltrúar og aðrir starfsmenn bæjarins sem sinntu þeim störfum.

Á Stórþingi Ungmenna koma börn og ungmenni frá skólum bæjarins og ræða fyrirfram ákveðin málefni. Ungmennaráð vann þar í framhaldi með niðurstöður þingsins og nýtti sér þær til málflutnings á Bæjarstjórnarfundum unga fólksins.

Þetta hefur gengið mjög vel í þau skipti sem þingið hefur verið haldið og er þetta klárlega eitthvað sem Ungmennaráð vill halda áfram með þar sem þetta veitir ungu fólki í bænum lýðræðislega reynslu, tækifæri til að tjá sig og eiga góðar umræður við jafnaldra sína. Okkar upplifun hefur verið mjög góð, enda er þetta frábær leið fyrir Ungmennaráð til þess að tengjast ungmennum samfélagsins og vera sýnileg þeim.

Umhverfisráðstefnan „Á brún hengiflugsins“

Í nóvember 2023 var umhverfisráðstefnan „Á brún hengiflugsins“ haldin sem nokkrir fulltrúar ungmennaráðsins var boðið að taka þátt í. Okkur fannst þetta mjög skemmtilegt en hefðum alveg viljað fá að taka meiri þátt í undirbúningi ráðstefnunnar. Fulltrúarnir sátu í pallborðsumræðu ásamt nema úr Háskólanum á Akureyri. Þarna fengum við að segja okkar skoðanir og eins að svara nokkrum spurningum úr sal. Þetta þing var mjög jákvætt og við vonum nú bara að það verði eitthvað gert og að okkar raddir fái að heyrast.

Nordic Youth Summit

Í nóvember 2023 fóru nokkrir fulltrúar úr Ungmennaráði til Reykjavíkur á ráðstefnuna Nordic Youth Summit en þar voru ungmenni bæði frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Það gerðist mikið fyrir sunnan, fullt af skemmtilegum ungmennum hittust og höfðu margir ólíkar og misjafnar skoðanir. Allir höfðu þó sama markmið að láta rödd unga fólksins heyrast í þjóðfélaginu. Mennta- og barnamálaráðherra mætti og setti þingið en félags- og vinnumálaráðherra lokaði þinginu og tók við skjalinu sem búið var að vinna við á þinginu. Okkur fannst þetta rosalega skemmtilegt og gaman að fá að taka þátt í svona verkefnum og við vonumst að við fáum að taka þátt í fleiri svona verkefnum í framtíðinni.

Ungmennaping SSNE

SSNE (Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra) stendur fyrir viðburði fyrir ungmenni árlega og eru þátttakendur frá sveitarfélögum Norðurlands eystra þar sem unnið er með mismunandi þemu í hvert skipti. Þemað árið 2022 var frumkvöðlahugsun, fullnýting auðlinda og nýsköpun en þemað árið 2023 var menning og skapandi greinar. Í ár fóru fjórir fulltrúar ráðsins til Raufarhafnar og okkar upplifun þaðan er mjög góð, þetta voru nokkur verkefni sem við þurfum að gera. Þingið var skemmtilegt og mjög áhugavert.

„Jattebrä“

Jattebrä er verkefni þar sem unnið er meðal annars með fordóma og jaðarsetningu samfélagshópa, menningarvitund og mismunandi menningarheima. En við ræddum um allt þetta í Litháen seinasta sumar. Við erum svo á leiðinni til Noregs í lok febrúar og aftur í sumar áður en allir hóparnir koma til Íslands. Ferðin til Litháen var mjög skemmtileg og fróðleg á sama tíma. Þar kynntumst við fullt af skemmtilegu fólki og verkefni voru ekki síður skemmtilegt. T.d. tókum við þátt í verkefni þar sem okkur var skipt í hópa og áttum við að búa til lítinn lego heim þar sem átti að ríkja friður og fordómaleysi. Annað verkefni var þannig að búið var til lína á jörðina og við spurð spurninga. Við áttum svo að stíga yfir línuna ef við hefðum gert eða upplifað það sem spurt var um. Okkur var svo skipt upp í hópa og ræddu hóparnir spurningarnar. Með þessum verkefnum fengum við innsýn í aðra menningarheima og hvað þeir geta verið bæði ólíkir en samt líkir.

Við, og hin ungmennin, vorum hluti af skipulagningu og framkvæmd verkefnisins. Við vorum með í gerð umsóknarinnar til Erasmus fyrir fjármagni, fulltrúi frá okkur fór út til Litháen nokkrum vikum áður en ferðin sjálf var til að skipuleggja dagskrána sem yrði úti og fengum við einnig tíma í ferðinni til að ákveða sjálf hvað við myndum gera og gátum þannig kynnst hinum hópunum og þeirra menningu á okkar eigin forsendum.

Sumartónar

Sumartónar eru hápunktur barnamenningarhátíðar á Akureyri, sem hafa verið haldnir þrjú ár í röð. Meðlimir Ungmennaráðs kynna atriði sem við einnig veljum og skipuleggjum. Á tónleikunum koma bæði fram landsþekktir aðilar en einnig hæfileikarík akureyrísk ungmenni sem stíga á stökk, s.s. Ragga Rix, Brenndir bananar, Eik og Egill. Tónleikarnir eru haldnir í Hofi og eru gjaldfrjálsir.

Ungt Fólk og Lýðræði ráðstefna UMFÍ

Ungt fólk og Lýðræði er árlegur viðburður sem okkur var boðið á. Frá okkur fór einn fulltrúi á síðasta ári þar sem umræðuefnið var umhverfismál og yfirskriftin var „Að jörðu skaltu aftur verða“. Okkur leist mjög vel á verkefnið og höfum áhuga á að taka þátt aftur. Viðburðurinn er frábært tækifæri fyrir ungmenni til að taka þátt í umræðum og verkefnum með öðrum ungmönnum á lýðræðislegan hátt en einnig deila sínum skoðunum og upplifunum.

Fræðsluerindi

Fræðsluerindi fyrir Erasmus hóp U2haveVoice

Ungmennaráð kynnti starfið fyrir erlendum nemendum sem voru hérna í ungmennaverkefni sem snerist um rétt ungmenna til að deila sínum skoðunum og hafa rödd í sínu samfélagi. Við áttum umræður í hópum og fengum að heyra upplifanir ungmenna frá löndum eins og t.d. Litháen og Grikklandi en krakkarnir upplifðu mikla uppgjöf og gaf þetta okkur aðeins öðruvísi sýn á hlutina og okkar stöðu. Við sömdum og fluttum erindið sjálf.

Fræðsluerindi fyrir NOVU

Ungmennaráð hélt erindi fyrir NOVU sem er norrænt vinabæjarmót (þó var líka hópur frá Póllandi sem er einnig vinabær Akureyrarbæjar) til að kynna þau fyrir Ungmennaráði Akureyrar. Við sömdum og fluttum erindið og fengum einnig að fylgjast með umræðunum sem áttu sér stað eftir það.

Fræðsluerindi fyrir vinnuskólann

Ungmennaráð hefur síðustu ár verið með erindi fyrir ungmenni í vinnuskólanum um störf ungmennaráðs, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi. Við flytjum og semjum kynningarnar sjálf.

Stýrihópar

Barnamenningarhátíðin

Árlega í aprílmánuði er haldin Barnamenningarhátíðin á Akureyri. Markmið hátíðarinnar er að hvetja börn og ungmenni til þess að taka meiri þátt í menningarstarfi og gefa þeim tækifæri til þess að njóta menningar og listar. Fulltrúi úr Ungmennaráði situr í stýrihópi og aðstoðar við úthlutun styrkja til verkefna sem taka þátt í Barnamenningarhátíðinni.

Endurmat á viðurkenningu UNICEF

Settur var upp stýrihópur til þess að fylgjast með hvernig okkur gengi að fá endurviðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag. Haldnir voru tveir fundir sem ýmsir fulltrúar ungmennaráðs sátu. Okkar upplifun var að erfitt var að átta sig á því hvað væri í gangi vegna sambandsleysis eftir þessa tvo fundi.

Símareglur í grunnskólum

Valinn var fulltrúi Ungmennaráðs til að vera með í starfshópi að ræða um símareglur í grunnskólum. Hópurinn er skipaður sjö einstaklingum. Eins og staðan er núna hafa verið haldnir tveir fundir og þeir hafa reynst vel. Skemmtilegar umræður og áhugavert að heyra skoðanir hjá öllum í hópnum.

Uppbygging Þórssvæðisins

Valinn var fulltrúi Ungmennaráðs til þátttöku í vinnuhópi, þar sem fundað er um fyrirhugaðar breytingar á Þórssvæðinu. Verkefnið fer vel af stað, haldinn hefur verið einn fundur þar sem kynnt voru komandi verkefni og hugmyndir en fleiri fundir eru áætlaðir.

Fundur með mennta- og barnamálaráðherra

Ungmennaráð hefur fundað með mennta- og barnamálaráðherra þrisvar sinnum til að ræða stöðu barna og ungmenna. Umræðurnar hafa verið líflegar og voru einhver skipti sem niðurstöður þeirra voru notaðar til málsstuðnings ráðherra þó vitum við ekki alveg hvernig allar niðurstöður nýttust og enduðu.

Dómnefndir

Sexan

Sexan er stuttmyndakeppni fyrir 7. bekk grunnskóla á landsvísu sem er ætlað að fræða ungt fólk um mörk og samþykki en einnig um tilurð, birtingarmyndir og afleiðingar stafræns ofbeldis. Dómnefnd fundaði einu sinni og var einn fulltrúi Ungmennaráðs hluti af þeirri nefnd. Það komu inn samtals 13 myndbönd sem voru bæði fræðandi og skemmtilegt. Að sjá hvað ungmenni geta gert bara með einni myndavél og tölvu er rosalegt.

Fiðringur

Fiðringur er hæfileikakeppni fyrir nemendur í 8.-10. bekk á Norðurlandi. Í Fiðringi fara grunnskólarnir með atriði á sviði og fá svo verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti. Fulltrúi Ungmennaráðs var í dómnefnd. Viðkomandi naut þess og

upplifði að á sig væri hlustað þegar kom að því að dæma atriðin. Það þótti þó umhugsunarvert að það var sérstaklega beðið um fulltrúa úr Ungmennaráði í dómnefndina en fulltrúinn var eini dómari á grunnskólaaldri og var þar af leiðandi talinn vanhæfur til að dæma sinn eigin skóla. Engar kröfur voru um að fulltrúinn væri eldri en 16 ára og er því áhugavert að álit eins dómara hafi verið felld úr gildi.

Mál til umsagnar

Ráðin voru misdugleg að senda erindi frá sér seinustu þrjú ár en meðal þeirra sem Ungmennaráð fékk til yfirferðar og umsagnar voru:

Deiliskipulög

Við fengum í flestum tilfellum dágóðan tíma til að lesa yfir deiliskipulögin og senda umsögn aftur á skipulagsráð og voru þau í raun fyrstu „þungu“ verkefni sem við fengum sent frá öðrum ráðum. Þó hefur aðeins dregið úr fjölda þeirra sem við fáum á okkar borð eftir seinustu sveitarstjórnarkosningar en vonumst við til að sjá úrbætur á því í náninni framtíð.

Reglubreytingar

Komu flest öll á góðum tíma, þ.e. ekki bara þegar búið var að ákveða allt. Við höfum jákvæða upplifun af reglubreytingaferlinu, þó sum mál hafi verið flóknari en önnur. Þessi mál byrjuðu margar fróðlegar samræður á fundunum og við sendum stundum svör með tillögum.